

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Íslakk hf., Smiðjuvegi 11E, Kópavogi.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Íslakk hf., kt. 601192-2769, Smiðjuvegi 11E, Kópavogi. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. desember 2002.

*Reykjavík, 15. desember 1998.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

---

*Ólafur Pétursson.*

16. desember 1998

Nr. 764

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Íslenska járnblendifélagið hf., Grundartanga.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Íslenska járnblendifélagið hf., kt. 640675-0209, Grundartanga. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi 1. júní 1999 og gildir til 30. maí 2009.

*Reykjavík, 16. desember 1998.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

---

*Ólafur Pétursson.*

21. desember 1998

Nr. 765

## SAMÞYKKT

### og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði um sorphirðu.

##### 1. gr.

Reykjavíkurborg annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu, endurnýtingu eða urðun) frá öllu íbúðarhúsnæði í Reykjavík og frá atvinnuhúsnæði þar sem eigendur þess óska og því verður við komið.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari.

##### 2. gr.

Hreinsunardeild gatnamálastjóra undir yfirstjórn borgarverkfræðings annast sorphirðu fyrir Reykjavíkurborg og sér um samskipti við Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs. (Sorpu), sem annast rekstur endurvinnslustöðva, flokkun, endurnýtingu, böggun og urðun.